

LION




Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 318

febrúar 2020



We Serve

Febrúar 2020. Blað nr. 318
THE LION IN ICELANDIC

Fjölumðæmi 109

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu

Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá

kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir


Fjölumðæmisstjórn:



Ellert Eggertsson,
fjölumðæmisstjóri.
Ellert er félagi í Lions-
klúbbi Hafnarfjarðar.
Ef þú þarft að hafa
samband við hann þá er
netfang hans: ellerte@
gmail.com



Jóhanna Thorsteinsson,
umðæmisstjóri 109 A.
Jóhanna er félagi í Lions-
klúbbum Eir. Ef þú þarft
að hafa samband við hana
þá er netfang hennar:
johanna@virgin.is



Bragi Ragnarsson,
umðæmisstjóri 109 B.
Bragi er félagi í Lionsklúbbum
Mosfellsbæjar. Ef þú þarft
að hafa samband við hann
þá er netfang hans:
br@brimhf.is



FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2019-2020

Fjölumðæmisstjóri:

Ellert Eggertsson,
Lkl. Hafnarfjarðar

Umdæmisstjóri 109A: Jóhanna

Thorsteinsson, Lkl. Eir

Umdæmisstjóri 109B: Bragi Ragnarsson,

Lkl. Mosfellsbæjar

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Arnason,

Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Vara fjölumðæmisstjóri: Björn

Guðmundsson, Lkl. Hængur

Protokol- og þingsstjóri: Kristinn

Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar

Fríðriksson, Lkl. Hængur

Kynningarstjóri: Björn Guðmundsson,

Lkl. Hængur

Umhverfisstjóri: Halldór Runólfsson,

Lkl. Fjörgyn

Ritsstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Búðardals

Netstjóri: Sigurður Steingrímsson,

Lkl. Vitaðsgjafi

GLT stjóri (menntun og

leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson, Lkl. Ásbirni

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):

Jón Gröndal, Lkl. Njörður

GMT/konur í Lions: Hrund

Hjaltadóttir, Lkl. Fold

GST stjóri: (verkefni) Pálmi Hannesson,

Lkl. Garði

NSR-AU nefndarmaður:

Jón Pálmason, Lkl. Viðarr

Lestrarátaksstjóri: Dagný S. Finnsdóttir,

Lkl. Úa

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnar-

maður, Lkl. Mosfellsbæjar

Hjálparsjóðsstjóri: Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís

Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa

Laganefnd (form.): Gissur Júní

Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Kristinn Hannesson,

Lkl. Mosfellsbæjar

Lions Quest stjóri: Hrund Hjaltadóttir,

Lkl. Fold

MedicAlert stjóri: Laufey Jóhannsdóttir,

Lkl. Eik

Menningarstjóri: Jóhanna

Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá

Formaður Kjaransorðunefndar. Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Kristín

Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla

Varaumdæmisstjóri 109A: Jónas Yngvi

Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Varaumdæmisstjóri 109B: Guðjón Andri

Gylfason, Lkl. Hængur

Varaumdæmisstjóri (annar) 109A: Þóra

Bjarney Guðmundsdóttir,

Lkl. Eir

Varaumdæmisstjóri (annar) 109B: Anna

Fr. Blöndal, Lkl. Ylfa

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2019 – 2020:

International President: Dr. Jung-Yul

Choi, Suður Kórea

Immediate Past President: Guðrún

Björt Yngvadóttir, Ísland

First Vice President: Douglas X.

Alexander, USA

Second Vice President: Brian E.

Sheehan, USA

Third Vice President: Dr. Patti Hill,

Canada

First Year Directors:

Michael D. Banks, United States

Robert Block, United States

Kyu-Dong Choi, Korea

Larry L. Edwards, United States

Justin K. Faber, United States

Allan J. Hunt, Canada

Daniel Isenrich, Germany

Bent Jespersen, Denmark

Masayuki Kawashima, Japan

Dr. Jose A. Marrero, Puerto Rico

Nicole Miquel-Belaud, France

VP Nandakumar, India

Judge Christopher Shea Nickell,

United States

Sampath Ranganathan, India

Marciano Silvestre, Brazil

Masafumi Watanabe, Japan

Guo-jun Zhang, China.

Second Year Directors:

Muhammad Adrees, Pakistan

Qazi Akram Uddin Ahmed, Bangladesh

Shoichi Anzawa, Japan

Billy J. (B.J.) Blankenship, United States

Gary F. Brown, United States

Rodolfo Espinal, Dominican Republic

Liao-Chuan Huang, MD 300 Taiwan

Jongseok Kim, Korea

Dr. Nawal Jugalkishor Malu, India

Geoffrey Leeder, England

Mark S. Lyon, United States

Heimo Potinkara, Finland

JP Singh, India

Steve Thornton, United States

Juswan Tjoe, Indonesia

A. Geoffrey Wade, United States

Dr. Walter Zemrosser, Austria

Upplag: 1000 eintök

Þökkun og dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Forsíðumynd:

Svæðaskipan Lions á Íslandi

Björgum börnum frá mislingum

Við erum ólík, samt erum við eins

Pistill Alþjóðaforseta



Heil og sæl Lionsfélagar

Við tölum mikið um þjónustu Lionsfélagana við byggðarlag okkar. Þjónustan er best ef hún er persónuleg og nálægt heimahögunum, og þegar hún glæðir samband okkar við nágrannana. En núna, þegar veröldin hefur smækkað, þá hefur einnig leiðin styst milli byggðarlaga okkar. Stundum einblínum við á hvað önnur menning er öðruvísi. Hvernig maturinn þeirra smakkast, hvernig þau klæðast, hvernig þau fagna og hvernig þau syrgja. Meðan mismunandi menningarheimar um heim allan eru sannarlega undraverðir, þá hef ég lært á árum mínum sem lionsfélagi, að við erum samt öllsömum eins. Við viljum öll sömu hlutina. Við viljum örugg og hlý heimili. Við viljum geta fætt og klætt fjölskyldur okkar, og hafa góða skóla fyrir börnin okkar. Við viljum hafa heilbrigðisþjónustu þegar við veikjumst. Og á einhverjum punkti þörfnumst við hjálparhandar að einhverju leyti. Þess vegna segi ég að við þurfum að líta á heimsmyndina til að sjá hvar eru verk að vinna. Því miður eru svæði í mikilli þörf og hafa enga lionsklúbba. Eða, þau hafa lionsklúbba sem hafa ekki þau tæki og tól til að koma til móts við þessar þarfir.

Parna getur Lionshreyfingin skipt miklu máli. Við getum staðið saman og náð til nágrannalanda okkar, nágranna heimsálfa okkar, bræðra okkar og systra hinum megin á hnetinum, til að veita hjálp þar sem mest er þörfin.

Lionsfélagar í Kóreu ásamt Lionsfélögum í Japan hafa saman unnið við að byggja skóla í Nairobi á svæðum þar sem þörf er mikil. Skandinavíu og Evrópu lionsfélagar vinna saman í að veita aðstoð til flóttamanna í Tyrklandi. Þessar nágrannabyggðir lionsfélagar ásamt öðrum á svipuðum nótum, líta yfir landamæri til að leggja lið þar sem þess er þörf. Þegar við lítum á veröldina sem eitt heimsnágrenni, verður mismunur okkar minna áriðandi heldur en það sem gerir okkur eins. Við erum öll mismunandi en við erum líka öll eins.

Ykkar einlægur,
Dr. Jung-Yul Choi
Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar

Þýðing: Geir Hauksson



Ritstjórnargrein

Gleðilegt ár ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er fjórða tölublað starfsársins komið út sem er prentað blað sem og netblað.

Nýtt almanaksár heilsaði okkur með vondum og vályndum veðrum. Veðurguðirnir voru í vondu skapi og hafði það áhrif á svo margt í samfélaginu. Meðal annars þurfti að fresta (fella niður) umdæmisfundum og fjöllumdæmisfundum vegna veðurs. Ég vona að vond veður í upphafi ársins hafi ekki önnur áhrif á okkur en að hvetja okkur áfram til góðra verka.

Í desember bárust þau tíðindi að varaforseti Alþjóðahreyfingar Lions hefði látist, Judge Haynes Townsend. Ég ætla að við þetta tilefni að votta fjölskyldu hans mínar dýpstu samúðarkveðjur sem og lionsmönnum öllum. Townsend var góður lionsmaður og ákaflega virtur í hópi þeirra sem gerir það að verkum að hans veður sárt saknað. Það er ekkert í regluverki hreyfingarinnar hvað skal gera þegar svona mikilvægur forystumaður fellur frá. Það kom í hlut yfirstjórnar að finna arftaka fyrir hann og var það örugglega ekki létt verk. Þeir leituðu til Douglas X. Alexander frá Bandaríkjunum til að taka sæti Townsend sem hann þáði. Ég óska honum velfarnaðar í starfi í framtíðinni, en hann kemur til með að taka við embætti alþjóðaforseta í Singapore síðar í sumar.

Starfið á Íslandi gengur sinn vanagang og er einmitt nú þegar þetta er skrifað Leiðtogaskóli Lions í fullum gangi og þar er mæting með ágætum. Ég heimsótti skólann til að fylgjast með starfinu þar og sá að þar eru margir kandítatar fyrir störf í framvarðarsveit Lions á Íslandi.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs og minni á fundi umdæmisstjórna og fjöllumdæmis sem verður 28. mars næstkomandi og eru það lokafundur fyrir þing sem verður að þessu sinni í Hafnarfirði og verður betur auglýst síðar.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, *Porkell Cýrusson ritstjóri*

Skilafrestur á efni í næsta blað er 19. mars

Gleðilegt ár kæru lionsfélagar

Póra Bjarney Guðmundsdóttir

2. vara umdæmisstjóri 109 A



Ég er starfandi annar varaumdæmisstjóri 109A þetta starfsárið og hef notið þess starfs mjög vel. Ég gekk í Lions 2006 starfaði með Lionsklúbbnum Ýr í Kópavogi í 10 ár. Vegna perónulegra aðstæðna gekk ég út úr Lions, en gekk aftur inn í hreyfinguna 2018 og gekk þá til liðs við Lionsklúbbinn Eir í Reykjavík.

Ég hef fengið tækifæri til að fá að heimsækja lionsklúbba sem er eitt það skemmtilegasta sem við fáum að gera. Ég er svo heppin að hafa fengið að vera svæðisstjóri 3 sinnum og veit að svæðisstjórastarfið er mjög mikilvægt og skemmtilegt. Ég nýti því tækifæri mitt núna til að starfa vel með svæðisstjórunum mínum.

Svæðisstjórar eru svo mikilvæg tenging á milli grasrótarinnar, klúbbanna og umdæmisstjórnarinnar, opnar hug þeirra og eflir til frekari ábyrgðarstarfa innan hreyfingarinnar.

Styrkurinn okkar fellst í fjöldanum. Virðum alla klúbbfélaga og höldum vel utanum þá. Við vitum að það er barátta okkar að fjölga í Lions, vinnum að því með fullum þunga. Þjóddu einum með þér á fund. „Ask One“. Mikilvægt er líka að embættismenn starfi vel saman, umdæmisstjórnir haldi vel utanum svæðisstjórana, svæðisstjórnir utanum klúbba og klúbbstjórnir haldi vel utanum félagana. Virkjum alla, virkjum t.d. félaganefndirnar okkar í klúbbunum.

Sýnum hvort öðru vinskáp, virðingu og kærleika, munum siðareglur okkar og markmið.

Klúbbarnir eru duglegir og gera góða hluti sem ég er stolt af. Eftir því sem ég heimsæki fleiri klúbba og sé hversu þeir eru duglegir í fjáröflunum og hversu stóra styrki þeir veita út í samfélagið, þá bara vex og vex stolt mitt af því að vera félagi í Lions.

Það er svo mikilvægt að við segjum frá því sem við erum að gera, það reynir á okkur öll að segja frá. Við höfum misgóð tengsl í fjölmiðla,



en reynum allt sem við getum. Við getum líka sagt frá í vinahópnum okkar eða ættingjahópnum, verið stolt og fengið fleiri með okkur til starfa.

Ég er svo stolt af samtökunum okkar og við vinnum ekki einungis hér á landi, heldur verðum við að minna okkur á að við erum aðilar að heimssamtökum, svo við getum nú heldur betur verið stolt af.

Við íslenskir lionsfélagar megum svo sannarlega vera stoltir af því að hafa átt æðsta yfirmann þessarar virtu hreyfingar okkar alþjóðaforseta Lions hana Guðrúnu Björtu Yngvadóttur. Við eigum virkilega að horfa á störf hennar og nýta frumkvöðlastarf hennar sem leiðarljós í okkar verkefnum. Vera óhrædd við að taka að okkur verkefni.

Guðrún Björt er yfirmaður alþjóðahjálparsjóðsins LCIF okkar þetta starfsár. Við íslenskir lionsfélagar höfum verið duglegir í gegnum árin að styrkja LCIF en nú er hjálpar-sjóðurinn okkar í stóru átaki Campaign 100 til

að geta hjálpað enn fleirum í krefjandi málefnum heimsbyggðanna. Við megum heldur aldrei gleyma því að við erum hér á Íslandi búin að fá mikinn stuðning og styrki frá LCIF og sá möguleiki stendur okkur alltaf opinn. Hvort sem klúbburinn okkar styður LCIF um eitthvað fé árlega sem er mikilvægt til að sýna styrk í þátttöku, þá er ekkert síður mikilvægt að gerast styrktaraðili sjálfur í eigin persónu, með t.d. USD 10 framlagi á mánuði sem hægt er láta taka út af kortinu sínu mánaðarlega. Fyrir 10 USD er hægt að gefa 10 börnum mislingasprautu og bjargað lífi 10 barna á mánuði. Ég er búin að gerast styrktaraðili og er stolt af því, ég styð mín samtök.

Ég hlakka til áframhaldandi samstarfs sem ykkur. Vinnum að heilum hug með okkar stóra lionshjarta.



Norrænt Samstarf - NSR

Ellert Eggertsson

Fjölumdæmisstjóri MD109



Ég vill byrja á því að óska ykkur gleðilegs árs og þakka fyrir samstarfið á síðasta ári.

Nú þegar starfsárið er hálfnað þá lítur maður gjarnan um öxl og fer yfir starfið sem af er. Ein af aðal starfskyldum fjölumdæmisstjóra er að vera fulltrúi fjölumdæmisins innan NSR. Fjölumdæmisstjórnir á Norðurlöndum funda 4 sinnum á starfsárinu og er fyrsti fundurinn ávallt þegar Alþjóðþingið er í gangi, síðast í Mílanó. Annar fundurinn er á Evrópuþinginu, nú síðast í Tallinn, Eistlandi. 3. fundurinn er síðan vanalega í heimalandi fjölumdæmisstjórans sem stýrir NSR hverju sinni. Danir fara með forystu í NSR þetta árið og var fjölumdæmisstjóra fundurinn haldinn í Kaupmannahöfn 15. og 16. nóvember s.l. 4. fundurinn fór síðan fram á NSR þinginu sem var í Kaupmannahöfn 17. - 19. janúar s.l.

Ég hef það á tilfinningunni að það sé að aukast áhugi fyrir auknu samstarfi innan NSR. Hér áður fyrr voru allt að 200 félagar sem sóttu NSR þingin, en núna sóttu um 80 félagar þingið. Ýmsar leiðir voru ræddar til að fá fleiri féлага til að sækja þingið, m.a. ræddar leiðir til að lækka þingkostnaðinn, fjölga námskeiðum sem eru í boði þannig að þingið verði áhuga-verðara fyrir hinn almenna félagsmann. Eins var rætt um að færa til dagskrána, þannig að félagarnir geti sótt þingin án þess að missa út vinnudag. Þá kom fram tillaga um að streyma efni frá þinginu þannig að lionsfélagar gætu fylgst með störfum þingsins í gegnum netið og finnst mér það áhugaverð tillaga. Sem dæmi gætum við haft opið hús í Lionsheimilinu eða öðrum stöðum á landinu, þar sem félagarnir kæmu saman til að fylgjast með störfum þingsins.

Síðustu 3 verkefni sem hafa verið í gangi hjá NSR undanfarin ár eru, sólar eldaveglarnar í Kenya, sem Finnarnir hafa umsjón með, því verkefni er lokið en það var svo vinsælt að Finnarnir hafa verið beðnir um að halda því áfram og er það nú styrkt af einkaaðilum. 2 verkefni, Gleyndu börnin í Tyrklandi og Líbanon sem Svíar og Norðmenn hafa séð um, eru um það bil að ljúka. Það átti að vígja formlega skólann í Líbanon í haust, en vegna óeirða í Beirut varð ekkert af því. Því verkefni er þó lokið og sama má segja um verkefnið í Tyrklandi, því er að ljúka einnig og byrjað að nota skólana.

Árið 2021 á að byrja á nýju sameiginlegu verkefni sem var samþykkt á NSR þinginu í Kaupmannahöfn. Tillaga frá Danmörku um

Byggingu barnadeildar í þorpinu Heri í Kigoma í Tansaníu var samþykkt sem næsta verkefni NSR.

Í þorpinu Heri er sjúkrahúsið „Heri Mission Hospital“ en þar er ætlunin að byggja sérstaka barnadeild. Sjúkrahúsið hefur ekki getað boðið upp á sérstaka barnadeild þar sem veitt er fæðingarhjálp og umönnun ungabarna og mæðra eftir fæðingu. Sú þjónusta er ekki heldur fyrir hendi á öðrum spítölum á stóru svæði. Áætlaður kostnaður við bygginguna eru 156.000 evrur og mun Ísland greiða 4% af þeirri upphæð.

Boðið var upp á nokkur námskeið á þinginu og fór ég á námskeið sem Björg Bára Halldórsdóttir fráfarandi fjölumdæmisstjóri hélt, en hún fer fyrir nefnd sem kallast „NSR in the future“ eða framtíðarsýn NSR. Nokkrar tillögur voru samþykktar og ber þar hæst tillaga um að koma upp nýrri heimasíðu fyrir NSR og gætu löndin jafnvel komið sínum heimasíðum undir NSR síðunni. Önnur tillaga sem var samþykkt, er að NSR komi á legg búðum fyrir sykursjúk börn, sem myndi þá flytjast milli landanna, eitt ár í senn. Þá var lagt til að minnka kostnað við þingin, fleiri námskeið verði í boði og t.d. minna lagt í mat og drykk til að spara umdæmunum og lionsfélögum fé og fá þannig fleiri til að sækja þingin.

Þingið tókst í alla staði vel og höfðu margir á orði að þetta væri eitt besta þing sem þeir hefðu sótt, en næsta þing verður í Helsinki að ári, en eftir það kemur röðin að Íslandi að halda þingið.

Minning + Richard Dawson Woodhead



Góður félagi okkar og vinur Richard D. Woodhead var fæddur þann 6. apríl 1947 í Blackpool á Englandi, hann lést 27. desember síðastliðinn á gjörgæsludeild Hospiten á Tenerife. Rikki eins og hann var kallaður var einn af stofnfélögum Lionsklúbbsins Garður. Hann gengdi ýmsum embættum fyrir klúbbinn, var formaður og svæðisstjóri, einn aðal hvatamaðurinn að stofnun fyrsta Leoklúbbsins á Íslandi, Leoklúbbsins Sigga sem því miður

eins og allir aðrir Leoklúbbar sem á eftir komu voru síðan lagðir af. Þá átti Rikki stóran þátt í því þegar klúbburinn okkar stofnaði

útfararþjónustu sem við rákum í ein tíu ár, þegar við hættum með þá þjónustu keypti hann reskturinn af klúbbnum. Rikki fékk ýmsar viðurkenningar frá Lions, þá var hann einn af þeim fyrstu í klúbbnum okkar til að fá æðstu viðurkenningu sem klúbburinn getur veitt þegar hann var gerður að Melvin Jones féлага, síðan þegar klúbburinn okkar hélt upp á þrjátíu ára afmæli sitt fékk hann aftur viðurkenningu frá klúbbnum og var því Progressive Melvin Jones félagi.

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Garðs sendi ég mínar innilegustu samúðarkveðjur til fjölskyldu hans og ástvina og megi góður Guð styrkja þau í sorg sinni.

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Garðs
Pálmi Hannesson formaður

NSR – samnorrænt verkefni

Árni V. Friðriksson

PCC MD 109 & IRC 2018 - 2020



Núverandi NSR verkefni „Gleymdu börnin“ frá Sýrlandi taka enda á næsta ári. Það þurfti því að finna nýtt verðugt NSR verkefni fyrir árin 2021-2023. Fimm tillögur

bárust frá fjórum löndum og var það verkefni okkar alþjóðasamskiptastjórnanna (IRC) að koma okkur saman um eina tillögu að verkefni sem lögð var fyrir norrænu fjöllumdæmisstjórnana í lok nóvember.

Á NSR þinginu sem haldið var í Kaupmannahöfn 18. janúar s.l. var tillagan svo formlega afgreidd sem næsta samnorræna verkefnið. Verkefnið er borið fram af Lions í Danmörku og felst í byggingu barnadeildar í þorpinu Heri í Kigoma, Tanzaníu.

Sjúkrahúsið Heri Mission Hospital hefur verið starfrækt sem spítali frá 1953. Það þjónar svæði með rúmlega 2.1 milljón manns. Við sjúkrahúsið hefur aldrei verið barnadeild og það eru engar barnadeildir á neinum ríkisspítölum á stærra svæði. Börn eru lögð inn og meðhöndluð á hluta kvennadeildarinnar og fullorðnir sjúklingar hafa greiðan aðgang að börnunum sem skapar óruggi fyrir börnin. Það er því brýn þörf fyrir byggingu barnadeildar og þar verður einnig aðstaða fyrir skurðlækna.



Kostnaðaráætlun er uppá tæpar 22 Mkr. (€ 155.411,-) og er okkar hlutur rúm 4% af þeirri upphæð sem deilist á tvö ár.

Meðferð við ský á auga í Vanuatu

Eftir Jamie Konigsfeld

Clarence hafði barist við sykursýki frá því hún var barn og fjölskyldan hafði ekki efni á lækni meðferð. Vegna þess fékk hún ský á auga, sjúkdóm sem skerðir sjón einstaklingsins verulega. Clarence býr á hinni glæsilegu Vanuatu eyju sem býr yfir gróskumiklum regnskógum, mjúku sandströndum og er umkringd grænbláum hafinu. Hin 23 ára Clarence gat hins vegar ekki lengur notið þessarar miklu fegurðar.

Á því svæði eyjunnar sem Clarence býr er ekki mikið um heilsugæsluþjónustu og þar sem hún er, er þjónustan of dýr. Þar sem Clarence fékk ekki rétta greiningu, sem er algengt á Vanuatu, hrakaði heilsu hennar hratt vegna sykursýkinnar. Hún þjáðist af ítrekuðum sýkingum sem leiddu til þess að það varð að taka af henni tærnar. Hún á mjög erfitt með að komast um þó að hjólastóll hjálpi henni talsvert.

Lionsfélagar í Nýu Kaledóníu vissu að þeir gætu bætt ástandið í Vanuatu ef þeir fengu hjálp frá Alþjóðahjálparsjóðnum (LCIF). Í samstarfi við Fred Hollows Foundation í Nýja Sjálandi tókst þeim að tryggja 330.043 dollara SightFirst styrk frá LCIF til að auka og efla skimunaraðgerðir og skurðaðgerðir á auga í Port Vila, höfuðborg Vanuatu og heimabæ Clarence.

Með tilkomu styrksins var hægt að uppfæra löngu úreltan búnað á augnlæknastöð sem var

til staðar og bæta alla aðstöðu. Því til viðbótar hefur augnlæknir, Dr. Johnson Kasso verið ráðin í fullt starf en áður hafði enginn augnlæknir verið til staðar. Þjónustu augnlæknis var aðeins hægt að fá einu sinni á ári þegar teymi kom frá Fíji eyjum.

Að hafa fastráðinn augnlækni á svæðinu var Clarence og öðrum íbúum eyjunnar mikill léttir. Vegna ítrekaðra sýkinga þurfti hún að fara í fjórar aðgerðir. Hún var fyrsti sjúklingurinn sem fékk meðferð og við víslu stöðvarinnar kom hún fram sem söngvari.

Eftir aðgerðina spurði Dr. Kasso hvort sjónin væri skýr. Hún brosti og kallaði upp yfir sig, „I kiln, I pitim kiln“ sem á hennar tungumáli þýðir „meira en skýr“. Þetta var stór stund og eftirminnileg fyrir Clarence, Dr. Kasso og hjúkrunarfólkið á stöðinni. Clarence segist vera „mjög tumas“ - mjög ánægð með að hafa fengið tækifæri til að komast í aðgerðina. „Fyrir hjálp Lions er það sem einu sinni var dimmt, skýjað og óskýrt, orðið bjart, skarpt og mjög skýrt“ segir Clarence.

Upplýsingar um mögulega styrki frá Alþjóðahjálparsjóðnum og hvernig hægt er að styðja við Campaign 100 átakið er hægt að nálgast á www.lionsclubs.org/campaign100

Þýðing: Kristinn Hannesson



Dr. Johnson Kasso.



Clarence (í hjólastólum) brosandí við víslu augnlækna-stöðvarinnar.

Minning + Judge Haynes Townsend fyrsti varaforseti Lions látinn

Fyrsti vara alþjóðaforseti Lions Clubs International Judge Haynes Townsend lést þriðjudaginn 17. desember síðastliðinn.

Townsend var hæfur maður og auðmjúkur, maður sem trúði á mikilvægi góðmennsku til að hjálpa fólki. Hann var leiðtogi sem trúði því að stórar hugmyndir myndu gera okkur betri með samkennd að leiðarljósi.

Townsend var frá Georgíu í Bandaríkjunum og gekk til liðs við Lionsklúbb Dalton Noon 1979. Hann var alþjóðastjórnarmaður 2009 – 2011 og var þá meðal annars formaður laganeftar Lions.

Townsend var kosinn til embættis þriðja vara alþjóðaforseta á alþjóðþingi í Chicago 2017 og hefði að óbreyttu tekið við sem alþjóðaforseti á næsta alþjóðþingi í Singapore.

Townsend hefur fengið fjölmargar viðurkenningar fyrir störf sín innan Lions og meðal annars Ambassador of Good Will, ædstu viðurkenningu sem Lions veitir. Hann er einnig margfaldur Melvin Jones félagi.

Það er erfitt fyrir samtök eins og Lions að missa leiðtoga sem var okkur svo mikilvægur. Lionshreyfingin mun alltaf halda í heiðri þeim tíma sem hún átti með Judge Haynes og hans störfum. Hreyfingin mun halda áfram að horfa fram á veginn til að koma hugsjónum hans fyrir Lions á framfæri og betri heimi þar sem góðmennska ræður ríkjum.

Eftirlifandi eiginkona hans er Donna Lord Townsend sem einnig er margfaldur Melvin Jones félagi. Þau eiga tvær dætur.



Minning + Gylfi Haraldsson – Lionsklúbbum Geysi



Hlutverk lionsklúbba er að láta gott af sér leiða fyrir samfélag og einstaklinga. Í þeim félagsskap sem klúbbarnir skapa verða til dýrmæt vináttubönd og mörg góðverk vinnast ef vel tekst til. Slíkur félagsskapur er ekkert án liðsmanna. Gylfi okkar Haraldsson á 34 ára starfsferil í lionsklúbbum Geysi. Ekki nóg með það, Gylfi lagði mikið og óeingingjart framlag til klúbbsins allan þann tíma. Svo mikið er víst að klúbburinn væri ekki eins öflugur í dag og raun ber vitni ef Gylfi hefði ekki verið hluti

af honum allan þennan tíma. Ef til vill hefði hann lognast út af ef okkar maður hefði ekki verið til staðar.

Í kringum aldamótin síðustu voru vangaveltur um að leggja klúbbinn niður þar sem hann var orðinn mjög fámennur. Gylfi mátti ekki heyra á það minnst og átti hann stóran þátt í að blaðinu var snúið við. Enginn mætti betur en Gylfi á fundi og oftast var hann mættur fyrstur í öll verkefni. Hann kom gjarnan með gott og fróðlegt innlegg í umræður á fundum enda maðurinn viðlesinn og stálminnugur. Gylfa lá ekki hátt rómur og hann var einkar orðvar en engu að síður náði hann eyrum allra. Formaður klúbbsins var hann í þriggja og gegndi auk þess embættum ritara og gjaldkera. Um skeið var hann heilbrigðisfulltrúi lionsumdæmisins.

Gylfa var veitt Melvin Jones-viðurkenning, ein sú ædsta innan lionshreyfingarinnar, árið 2016 og ári síðar, þegar hann lét af störfum

sem héraðslæknir, var honum veitt enn æðri viðurkenning, svonefnd Progressive MJ-viðurkenning. Það verðskuldaði hann margfalt.

Við sem eigum langa sögu í lionsklúbbum samhliða Gylfa nutum þess að kynna honum vel, innan klúbbs sem utan. Vandaður á allan hátt, strangheiðarlegur og vinur vina sinna. Allra manna dagfarsþriðastur. Hann var ekki bara mikilvægur klúbbum okkar.

Margir okkar geta borið vitni um farsæl ráð hans við heilsukvillum. Á fjórða áratug gegndi Gylfi starfi héraðslæknis í Laugarási, en umdæmið nær yfir hinar víðfedmu uppsveitir Árnessýslu. Það er óhætt að fullyrða að Gylfi naut fádæma vinsælda í sínu starfi. Sinnti hann því af mikilli ástríðu. Enda vildi hann allt fyrir alla gera og varð fljótt gjörkunnugur íbúum héraðsins. Gjarnan hringdi hann upp á sitt eindæmi í skjólstæðinga sína ef honum fannst tilefni til að athuga með líðan þeirra.

Þétt störfuðu þeir saman, svo aðdáunarvert var, lækarnir Pétur Skarphéðinsson og Gylfi í öll þessi ár.

Í dreifbýlissamfélagi er fátt dýrmætara en traust heilsugæsla sem knúin er áfram af afburða mannaudi.

Okkur félögum féll þungt að heyra að heilsu Gylfa fór hrakandi á síðustu misserum. Með sorg í hjarta kveðjum við vin okkar.

Við hefðum svo sannarlega viljað njóta krafta hans og vináttu miklu lengur. Lionsklúbburinn Geysir mun svo lengi sem hann verður við lýði eiga Gylfa Haraldssyni mikið að þakka. Rut og börnunum, fósturbörnum og fjölskyldunni allri færa félagar klúbbsins innilegar samúðarkveðjur með kærri þökk fyrir dýrmæt kynni.

Fyrir hönd lionsklúbbsins Geysis,
Kristófer Tómasson og Þorsteinn Þórarinnsson formaður.

Bláberjalundur kynslóðanna

Eftir Jamie Konigsfeld

Autt rými

Í næsta nágenni við Sigurgarðana í Albany voru óásjálegar yfirgefnar lóðir. Parna stóðu hús á landi sem áður var búið að dæma óbyggilegt. Parna voru þau, yfirgefnar, hættuleg og engum til gagns. Lionsmaðurinn Gregory Sheldon sá fyrir sér hvernig nýta mætti landið betur. Í félagi við Sigurgarða sem keypti landið og sá um að rífa húsinn, og í samvinnu við samtök og einstaklinga í hverfinu hreinsaði Sheldon landið af rusli og órækt til þess að koma upp almenningsgarði. Hafði hann sérstakan áhuga á að rækta bláber. Garðurinn varð upphafið að stærra samfélagsverkefni, staður þar sem nágrennar koma saman til þess að skiptast á góðum ráðum varðandi garðrækt, rækta matjurtir og ræða hvernig brúa megi félagslegt, efnahagslegt og menningarlegt bil á milli íbúanna í sjálfböðavinnu. Þetta skiptir miklu fyrir hverfið þar sem það ýtir undir sjálfsábyrgð íbúanna og gefur þeim aðgang að næringarríki fæðu í annars vannýttum garði. En fyrst þurfti að undirbúa landið fyrir ræktun. Sheldon skráði sjálfböðaliða til aðstoðar við að dreifa viðarkurli, áburði og mold. Anthem sjóðurinn og LCIF lögðu í sameiningu fram 1500 dollara til kaupa á 200 bláberjarunnum sem Lkl Albany Troy, ásamt sjálfböðaliðunum, sá um að planta, en áhugamál klúbbsins eru fyrst og fremst lýðheilsa, sjálfbær ræktun og félagslegur jöfnuður.

Hvers vegna bláber?

Bláberjarækt hentaði garðinum fullkomlega en berin eru með hátt næringargildi og ríkulegt af andoxunarefnum. Runnarnir draga að sér frjóbera eins og t.d. býflugur sem eykur magn bláberja og annars þess sem ræktað er í garðinum. Sendinn jarðvegurinn dregur í sig vatn, skapar gott frárennsli, minnkar yfirfallsvatn um 100.000 gallon, og ásamt plöntunum hreinsar loftið.

Á landi þar sem áður voru auð, grotnandi hús er nú að frumkvæði Gregory Sheldon, með aðstoð LCIF, Anthem sjóðsins, Lkl Albany Troy ásamt óeigingjarnri vinnu sjálfböðaliða risinn falletgur garður til afnota og gleði fyrir komandi kynslóðir. „Öll börnin sem lögðu svo hart að sér við að rækta upp þetta svæði eiga eftir að njóta bláberjanna með sínum börnum. Þetta er það sem gefur starfi okkar gildi“, segir Sheldon.



Gregory Sheldon dreifir viðarkurli á ræktunarsvæðið.



Lionsfélagar, og aðrir sjálfböðaliðar úr hverfinu vinna saman við gróðursetningu 200 bláberjaranna.

Frekari upplýsingar um samfélagsverkefni styrkt af LCIF til góða fyrir umhverfið, er að finna á lionsclubs.org/campaign100.

Þýðing: Edda Briem

Minning + Ragnar Gunnlaussón – Lkl. Skagafjarðar



Á fundi Lionsklúbbs Skagafjarðar miðvikudaginn 22. janúar 2020 var látins félaga minnst.

Góðir félagar!

Það er skarð fyrir skildi.

Félagi okkar Ragnar Gunnlaussón er allur, sjötugur að aldri, fæddur 26. febrúar 1949. Hann lést á líknardeild Landspítalans 30. desember síðastliðinn eftir snarpa baráttu við illvígagan sjúkdóm.

Ragnar var einn af stofnendum Lionsklúbbs Skagafjarðar 20. apríl

1987. Hann sat í stjórn klúbbsins og gengdi öðrum trúnaðarstörfum. Hann var alla tíð jákvæður í garð klúbbsins og bar hag hans fyrir

brjósti. Honum var annþ um að uppgræðsla Lionsklúbbsins á Goðdalafjalli bæri árangur og taldi klúbbinn verðugan að Landgræðsluverðlauninum sem komu í hans hlut vorið 2019.

Ragnar var tillögugóður og sá það jákvæða þó að á brattann væri að sækja.

Honum eru þökkun kynnin og aðkoma hans að starfi Lionsklúbbs Skagafjarðar.

Minning um góðan dreng mun lifa.

Starri í Garð mælti:

Hvers vegna er leiknum lokið?

Ég leita en finn ekkert svar.

Ég finn hjá mér þörf að þakka

þetta sem eitt sinn var.

Sambýliskonu, börnum og fjölskyldu hins látna er vottuð samúð. Guðmundur Óli Pálsson

Úr starfi Skjaldbreiður á haustmánuðum 2019

Við Lionsfélagar í Skjaldbreiður óskum öllum Lionsmönnum og fjölskyldum þeirra gleði og farsældar á nýju ári.

Starfið hjá okkur hófst á haustdögum, og er fundað tvisvar í mánuði, en við skipum þessu þannig að við höldum formlegan fund og förum svo í heimsóknir. Þetta fyrirkomulag er að okkur finnst mjög gott og gerir vetrarstarfið skemmtilegra og áhugasamara, hitta mann og annan.

Helstu stuðningsverkefni okkar er það sem má kalla nærsamfélagið. Og má þar telja starfsemina á Sólheimum. En eitt af okkar fyrstu verkum vetrarins var að hlýða ákalli frá starfsmönnum Ú.P.S eða útvarpstöðvar Sólheima, sem standa vaktina með reglulegum útsendingum. En þar á bæ þurfti að endurnýja og bæta tækjabúnað til að svara kalli hlustenda og ekki síður starfsmanna stöðvarinnar. Þar sem við lionskarlarnir eru nú ekki vel að okkur í útvarpsrekstri og svona græjum þá fengum við lista með því helsta sem vantaði og var það af mikilli gleði sem við afhentum þennan búnað í beinni útsendingu, sem endaði síðan með kaffi og kökum að athöfn lokinni. Eins höfum við staðið við bakið á björgunarsveitinni og ekki síst skólanum og ræðst það helst af hvaða verkefni eru í gangi hverju sinni.

Staðið var fyrir blóðsykurmælingum í nóvember eins og síðasta ár og vorum við heppnir að fá inni á Grænu könnunni á Sólheimum. Alls mættu rúmlega eithundrað manns til mælingar, engin bráðatilfelli komu upp en var mælst til að tveir aðillar leituðu læknis. Við nutum aðstoðar starfsmanna á Sólheimum, eins á félagi í Lionsklúbbum Emblu á Selfossi Arnfríður Kristín Ólafsdóttir, sjúkraliði þakkir skyldar fyrir aðstoð.

Og hér að neðan eru myndir úr blóðsykursmælingum félagsmanna á Sólheimum.



Afhending tækja á Útvarpstöðina á Sólheimum, félagar og starfsfólk Sólheima í húsakynnum útvarpstöðvarinnar ÚPS.

Fjáröflunarverkefnið okkar Skötuveisla á Þorláksmessu hefur fest sig í sessi, mættu rúmlega 100 manns og er alltaf aukning frá ári til árs. Þetta var í Félagsheimilinu á Borg.

Næsta fjáröflunarverkefni okkar verður Kótiletukvöld sem haldið verður í apríl og hefur þessi viðburður okkar einnig fest sig í sessi meðal íbúa hér í sveitinni okkar.

Við erum búnir að fara í heimsóknir í Gunnbjarnarholt og í Björgunarmiðstöðina á Selfossi.

Höfum fengið í þessum heimsóknum frábærar móttökur og mikla fræðslu, sem við höfum allir haft gleði og gagn af. Við þökkum kærlega fyrir góðar móttökur.

Kristinn Pálsson. Ritari

Lionsklúbbur Seltjarnarness



Mánudaginn 9. desember afhentu Lionsklúbbur Seltjarnarness, Seltjörn hjúkunarheimili að gjöf laserpenna til að nota við sjúkraþjálfun á heimilinu. Það var Bryndís Guðmundsdóttir yfir sjúkraþjálfni sem tók á móti gjöfinn úr hendi Braga Ólafssyni formanni klúbbsins, á hópmyndinni eru félagar úr klúbbum ásamt Kristjáni Sigurðsyni framkvæmdarstjóra og Bryndísi Guðmundsdóttir sjúkraþjálfna fyrir miðju.

Jón Páll Ásgeirsson

RetinaRisk smáforritið kemur í veg fyrir blindu hjá fólki með sykursýki

Umtalsverðar breytingar eru að eiga sér stað í heilbrigðisþjónustu með tilkomu stafræna lausna og tækninýjunga. Einstaklingsmiðuð heilbrigðisþjónusta er að ryðja sér til rúms með áherslu á valdeflingu einstaklingsins og aukið upplýsingaflæði byggt á gögnum. Notkun stafræna lausna gerir einstaklingum í auknu mæli kleift að kynna sér betur sjúkdóm sinn, skilja undirliggjandi áhættuþætti byggt á einstaklingsmiðuðum gögnum og fræðast um hvernig snúa má þróuninni við. Þetta á ekki hvað síst við um sykursýki sem er ört vaxandi vandamál í öllum heiminum.

Samkvæmt nýlegri samantekt Alþjóðlegra Sykursýkissamtakanna eru um 463 milljónir einstaklinga með sykursýki í heiminum í dag. Spár gera ráð fyrir að fjöldinn verði kominn yfir 700 milljónir í kringum 2045. Á Íslandi er fólk með sykursýki stærsti sjúklingahópurinn þó nákvæmar tölur liggja ekki fyrir.

Það er ekki á allra vitorði að sykursýki er helsta orsök blindu í fólki á vinnualdri á heimsvísu. Gert er ráð fyrir að 75% þeirra sem eru með sykursýki eigi á hættu að fá sjónskerðandi augnsjúkdóma, sem leitt geta til blindu. Góðu fréttirnar eru þær að koma má í veg fyrir þetta í 95% tilvika með tímanlegri greiningu, góðri sykursýkisstjórnun og viðeigandi lækni meðferð.



Þetta er einmitt það sem RetinaRisk smáforritið var þróað til að gera. RetinaRisk gerir fólki með sykursýki kleift að fylgjast með einstaklingsbundinni áhættu sinni á að fá augnsjúkdóma. Notendur setja inn upplýsingar um kyn, tegund og árafjölda með sykursýki, greiningu augnbotnaskemmda og nýjustu blóðsykur- og blóðþrýstingsmælingar.

RetinaRisk segir til um hverjir eru helstu áhættuþættir hvers einstaklings og sýnir á skýran og auðskiljanlegan hátt hvernig betri stjórnun á áhættuþáttum, t.d. blóðsykri og blóðþrýstingi, getur dregið úr áhættu á sjónskerðandi augnsjúkdómum. RetinaRisk hefur einnig að geyma ítarlegar leiðbeiningar og gagnlegar upplýsingar um sykursýki, augnsjúkdóma og betri sjálfsumönnun. Notendur geta sett sér markmið og fylgst með þróun áhættunnar. RetinaRisk stuðlar því að bættu heilsulæsi og hvetur fólk til að verða virkir þátttakendur í eigin heilsugæslu.



RetinaRisk var hannað af Einari Stefánssyni, augnlækni, Örnú Guðmundsdóttur, innkirtlalækni og Thor Aspelund prófessor í líftölrfræði við Háskóla Íslands, sem hafa áratugalanga reynslu af augnbotnaskemmdum og meðferð við sykursýki. Retina Risk áhættureiknirinn var þróaður á grunni víðtækra alþjóðlegra rannsókna á áhættuþáttum sem vitað er að hafa áhrif á framvindu sykursýki. Yfir 20.000 einstaklingar með sykursýki, bæði á Íslandi og erlendis, tóku þátt í fjölda rannsókna og hafa niðurstöður þeirra verið birtar í virtum læknafréttum um allan heim.

Mikill áhugi er á RetinaRisk smáforritinu og er það nú þegar komið í notkun í yfir 50 löndum um allan heim. Við erum í sambandi við augnlækna og innkirtlalækna í öllum heimsálfum og höfum kynnt smáforritið fyrir sykursýkissamtökum og heilbrigðisstofnunum bæði hérlendis og erlendis.

Hér á Íslandi hefur samstarf okkar við Lionsklúbba um land allt skipt sköpum fyrir kynningu á RetinaRisk. Margir Lionsklúbbar kynntu smáforritið samhliða árlegum blóð-



sykursmælingum í tengslum við alþjóðlega sykursýkisdaginn, sem haldinn er í nóvember ár hvert. Aðrir hafa kynnt RetinaRisk á samfélagsmiðlasíðum sínum eða kynnt smáforritið maður á mann fyrir fólki með sykursýki í nærumhverfi sínu.

Við höfum fengið margar fyrirspurnir um samstarf frá erlendum Lionsklúbbum og erum við nú þegar í samvinnu við Lionsklúbba í sex öðrum löndum. Það verður mjög spennandi að sjá hvernig þessi samvinna þróast á næstu árum.

Við erum afar þakklát Lionsmeðlimum fyrir að aðstoða okkur við að koma í veg fyrir sjónskerðingu og blindu vegna sykursýki á Íslandi. Við höfum mikinn áhuga á að kynnast betur Lionsklúbbunum og erum því tilbúin að koma á fund til ykkar til að ræða samstarfið og kynna RetinaRisk fyrir ykkar meðlimum. Endiega hafið samband við okkur ef það er áhugi á þessu í ykkar klúbba: silla@retinarisk.com og aegirthst@retinarisk.com

Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir



Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga

Leiðtogaskóli Lions 2020



Sunnudaginn 9. febrúar lauk þriggja daga Leiðtogaskóla Lions sem 21 lionsfélagi sótti á Radisson BLU Hótel Saga dagana 7. til 9. febrúar. Á námskeiðinu var farið yfir mikilvæga þætti leiðtogafraeðanna sem munu nýtast þeim sem þátt tóku í krefjandi verkefnum fyrir Lions og í starfi. Umsagnir þátttakenda voru mjög jákvæðar en Leiðtogaskólinn hefur verið haldinn 22 sinnum á Íslandi og hafa um 600 Lionsfélagar sótt hann frá upphafi. Margir þeirra hafa tekið að sér ábyrgðarstörf innan klúbba, svæða og umdæma. Kennarar í skólanum voru Guðjón Andri Gylfason, fyrsti varaumdæmisstjóri og GLT fræðslustjóri í umdæmi 109B, Jón Pálmason, GMT félagastjóri í 109A, Sigfríð Andradóttir, fyrrverandi umdæmisstjóri og skólastjórinn, Halldór Kristjánsson, GLT fræðslustjóri í fjölumdæmi 109.

Við óskum þátttakendum og kennurum til hamingju með árangurinn.

Með bestu Lionskveðju,
 Halldór Kristjánsson, PCC, GLT stjóri MD 109, 2014-2020, GLT fulltrúi 109A 2019-2020

Minning + **Alfreð Eyjólfsson**



f. 25. september 1934
 d. 31. október 2019

Kveðja frá Lionsklúbbum Þór

Alfreð Eyjólfsson fæddist í Reykjavík 25. september 1934 og lést á Landspítalanum við Hringbraut 31. október 2019.

Alfreð gekk í Lionsklúbbinn Þór árið 1991. Hann var formaður klúbbsins árin 1995 til 96 og starfaði ötulllega að mörgum verkefnum og líknarmálum innan klúbbsins. Eitt stendur þó upp úr þegar Alfreðs er minnst. Það var árið 1994 þegar Lionshreyfingin hratt af stað alþjóðlegu sjónverndaráttaki með áherslu að lækna árblindu (River Blindness) hjá börnum í Afríku. Stjórn Lionshreyfingarinnar á Íslandi ákvað að söfnunin yrði ekki á vegum Fjölumdæmisins heldur ættu klúbbarnir hver fyrir sig að ákveða hvernig þeir stæðu að söfnun á

sínu svæði. Við í Lionsklúbbum Þór létum framleiða nælu með tákni blindra og Lions og selja til stuðnings verkefninu. Við létum aðra klúbba njóta framtaksins og fengu þeir merki hjá okkur. Alfreð Eyjólfsson vann það afrek að virkja fermingarárganginn í skólum höfuðborgarsvæðisins til að selja þessi merki og það varð til þess að okkar klúbbur varð langsöluhæstur í þessu átaki. Með þessu átaki fengum við sem viðurkenningu nokkrar Melvin Jones útnefningar frá Alþjóðastofnuninni. Alfreð var var að sjálfsögðu einn sá fyrsti til að fá Melvin Jones viðurkenningu, en þetta átak okkar Þórsmanna hefur aldrei verið virt sem skyldi innan hreyfingarinnar hér á landi.

Seinustu ár hafa þau Alfreð og Jonna mikið dvalið í sólarlöndum og þátttaka Alfreðs verið minni í störfum klúbbsins. En alltaf var gaman að fá þau hjón á jólafundina okkar.

Við söknum góðs féлага og sendum Jonnu og fjölskyldu hennar okkar innilegustu samúdarkveðjur.

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Þórs,
 Gunnar Már Hauksson

líknarmálum innan klúbbsins. Eitt stendur þó upp úr þegar Alfreðs er minnst. Það var árið 1994 þegar Lionshreyfingin hratt af stað alþjóðlegu sjónverndaráttaki með áherslu að lækna árblindu (River Blindness) hjá börnum í Afríku. Stjórn Lionshreyfingarinnar á Íslandi ákvað að söfnunin yrði ekki á vegum Fjölumdæmisins heldur ættu klúbbarnir hver fyrir sig að ákveða hvernig þeir stæðu að söfnun á

Lionsklúbburinn Kaldá

Félagsstarfið hefur gengið vel hjá okkur í vetur og góð mæting félaga. Við fengum góða gesti á september fundinn en það voru Arkarinn Eva og móðir hennar Berglind. Þessi frábæra 16 ára stelpa gekk á 43 dögum 1500 km hringinn í kringum landið til styrktar Barnaspítala Hringins. Við styrktum þetta verðuga verkefni og stór hópur fylgdi henni fyrstu km og tók svo á móti henni 43 dögum síðar.

Lkl. Seylur komu til okkar í október og áttum við skemmtilegan fund með þeim. Við heimsóttum þær í fyrri og vonandi hittumst við aftur því það er fróðlegt að kynnast störfum annarra klúbba. Við spilum bingó ásamt Lkl. Ásbirni fimm sinnum yfir veturinn á Hrafnistu og vekja vinningar mikla kátínu hjá heimilismönnum, konfekt og serry. Blóðsykursmæling var fyrstu helgina í aðventu eins og venja er hjá okkur í Hafnarfirði, ásamt karlklúbbunum tveimur.

Sameiginlegur Jólafundur var með Lkl. Hafnarfjarðar og Lkl. Ásbirni. Þessi fundur heppnaðist frábærlega vel, fullt út úr dyrum og veislustjórinn Ingvar Viktorsson Lkl. Hafnarfjarðar fór á kostum.

Í janúar fórum við í heimsókn í Blómabúðina Barónessan á Barónstíg Rvík. Eigendurnir þeir Guðmundur og Villi tóku vel á móti okkur og fræddu okkur heilmikið um blóm en þessi fallega blómabúð er algjör gersemi. Þaðan fórum við á Veitingastaðinn Ský og snæddur gómsætan kvöldverð.

Lionsþingið í apríl verður í Hafnarfirði í umsjá klúbbanna þriggja. Við hlökkum til að sjá sem flesta lionsfélaga, maka og gesti. Það verður tekið vel á móti ykkur í „Bænum í Hrauninu“.

Jórunn Jörundsóttir vara formaður



Frá blóðsykursmælingu.



Frá blóðsykursmælingu.



Frá blóðsykursmælingu.



Jólafundurinn.



Jólafundurinn.



Heimsókn í Blómabúðina Barónessan.



Heimsókn í Blómabúðina Barónessan.




Heimsókn í Blómabúðina Barónessan.



Fjölskylda Euv og Kaldárfélagar.



Fjölskylda Euv og Kaldárfélagar.



Bærinn í hrauninu.

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar og Gaflarinn



Það var á haustdögum árið 1998 þegar það kom til umræðu í klúbbnum að tímabært væri að finna klúbbnum nýja fjáröflunarleið þar sem klúbbfélagar voru ornir þreyttir á að ganga í hús og selja jólapappír og ljósaperur. Eftir marga og stranga fundi varð ofan á að búa til barmmerki með mynd af verkamanni er stæði við húsgafl og biði þar eftir vinnu. Fyrsta barmmerkið „Gaflarinn“ var hannað og teiknað af hönnuðinum Ólafi Árna Halldórssyni og tekið í sölu sem aðalfjáröflun klúbbsins árið 1999. Salan gekk mjög vel og seldust um fjórtán hundruð merki það árið. Sala á barmmerkinu „Gaflarinn“ hefur verið aðal fjáröflun klúbbsins síðan og er merkið lögverndað. Merki síðustu tíu ára hafa verið með mynd af þekktum Hafnfirðingum. LkH hefur allt frá árinu 1999 staðið fyrir því að kjósa mann eða konu, Gaflara ársins í Hafnarfirði sem að mati klúbbsins hefur á einhvern hátt sett mark sitt á menningu og eða sögu bæjarins. Á síðasta fundi okkar í desember var Haraldur Þór Ólafsson framkvæmdastjóri og stofnandi Furu ehf, sæmdur nafnbótinni „Gaflari Hafnarfjarðar árið 2019“ Haraldur er sá nítjándi sem nafnbótina hlýtur en Sigurbergur Sveinsson kaupmaður í Fjarðakaupum var sá fyrsti sem við heiðruðum.

Umdæmisstjóri Jóhanna Thorsteinsson kom til okkar í nóvember. Í heimsókn sinni lagði hún áherslu á að standa vel að klúbbstarfinu og auka stuðning við LCIF sjóðinn. Við höfum nú þegar styrkt sjóðinn um 7.900\$ Við þurfum að styrkja LCIF um 18.000\$ til að klúbburinn verði útnefndur sem Model Klúbbur, sem gæti orðið árið 2022 verði áframhald á greiðslum til sjóðsins, eins og verið hefur. Umdæmisstjóri veitti

viðurkenningu til fjögurra klúbbfélaga fyrir viðveru í Lions, Steingrími Þorvaldssyni fyrir tíu ár, Magnúsi Aadnegard og Ólafi Pálssyni fyrir fimmtán ár, og Friðgeiri H. Guðmundssyni fyrir þrjátíu ára viðveru. Í byrjun desember var sameiginleg jólaskemmtun hjá Lions klúbbnum þrem í Hafnarfirði, sem tókst með miklum ágætum, veislustjóri var IngvarViktorsson sem skemmti gestum með vísum og frábærum sögum. Á árinu voru þrjú félagar gerðir að Melvin Jones félögum, þeir: Magnús Baldursson, Haraldur Benediktsson og Magnús Jónsson. Eftir þessar viðurkenningar eru einungis tveir starfandi klúbbfélagar í LkH sem eiga eftir að fá þessa viðurkenningu. Í vetrarbyrjun hefur klúbburinn styrkt Mæðrastyrksnefnd í Hafnarfirði um verulega fjárhæð ásamt Fjarðakaupum, einnig styrkti klúbburinn einstaklinga og stofnanir. Blóðsykursmælingar voru gerðar í Firðinum 30. nóv. á vegum klúbba þriggja, sem tókst með miklum ágætum og voru liðlega 300 manns mættir, reyndust aðeins tveir þurfa á nánari athugun að halda. Frá ýmsu öðru mætti segja frá en látum þetta daga að sinni.

LkH óskar öllu lionsfólki gleðilegs árs og friðar og þakkar öllum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Friðgeir H. Guðmundsson, blaðafulltrúi



Gaflari árs 2019 Haraldur Þór Ólafsson ásamt eiginkonu sinni, Þórunni Úlfarsdóttur og Magnúsi formanni.



Ingvar Viktorsson, veislustjóri.



Magnús, Friðgeir, Steingrímur, Ólafur, Jóhanna og Magnús.



Stjórn klúbbsins ásamt umdæmisstjóra Jóhönnu Thorsteinsson.



Melvin Jones félagar: Magnús Jónsson, Magnús Baldursson og Haraldur Benediktsson.



Styrkur til Mæðrastyrksnefndar aftentur: Magnús Ingjaldsson, Ásta Eyjólfssdóttir og Magnús formaður.

Björgum börnum frá mislingum

Frá Lionsklúbbi Patreksfjarðar fyrr og nú

Þegar þetta er ritað í ársbyrjun 2020 eru skráðir 50 félagar í Lionsklúbbi Patreksfjarðar sem er karlklúbbur. Fjórir ungir menn hafa verið teknir í klúbbinn á starfsárinu og fjórir eru í aðlögun. Þeim er nú boðið að koma á fundi og fylgjast með starfinu og kynnast því. Verða þeir væntanlega teknir inn á næsta hausti.

Fyrsti félagsfundur starfsársins 2019-20 var haldinn 28. september. Næsti fundur var 19. október og tengdist hinu annálaða Kúttmagakvöldi.



Það er aðal skemmti- og fjáröflunarkvöld klúbbsins og að þessu sinni undir stjórn Ara Hafliðasonar. Tókst skemmtunin með ágætum eins og jafnan áður. Á þeirri samkomu, sem fer fram í framhaldi af fundinum, er ýmislegt til skemmtunar ásamt fjáröflun. Veislukosturinn er fjölbreyttir sjávarrettir laðaðir fram úr fisktegundum sem veiðast á miðunum út af Patreksfirði. Mikið er lagt í umgjörð þessarar skemmtunar sem jafnan hefur verið haldin í félagsheimili Patreksfjarðar. Anddyri og fundarsalur endurmótast hvert sinn í það svið sem úthugað hefur verið hverju sinni. Sviðið hefur sveiflast frá því að mynda dæmigert fjórhús (verbúð) á sjávarkambi hér vestra á fyrri tíð með tilheyrandi skyn- og hughrifum, saltanga, lykt af tjöru og karbólni, öldugjálfrum og kvaki sjófugla á kyrrum degi, yfir í flugstöð á millilandflugvelli með öllum þeim yfirþyrmandi ys og þys sem fylgir þeirri starfsemi. Þá hafa fundar- og veislugestir stigið inn í heim engla og ára og hafa verið mitt í umsvifum Vegagerðarinnar á svæðinu svo dæmi séu nefnd. Haft er eftir aðkomnum boðsgestum, sem hafa sótt hátíðina árum saman, að aðal aðdráttaraflíð sé sibreytt umgjörð. Útkoma fjáröflunar hefur jafnan verið góð. Hefur fjárhagurinn því gert klúbbnum kleift að styrkja margvísleg verkefni í samfélaginu og koma ýmsu til leiðar sem annars hefði verið örðugt eða tekið verulegan tíma að ráða við. Fyrsta Kúttmagakvöld klúbbsins var haldið 17. mars 1979. Fer stutt lýsing þess hér á eftir í einum þeirra annála sem klúbbfélagar héldu:

6.- 17. mars 1979 Svavar Jóhannsson:

Laugardagurinn 17. mars. Haldið var svokallað kúttmagakvöld á vegum Lionsklúbbsins í félagsheimilinu. Þátttaka var sémileg um 60 manns að ég best veit, lionsfélagar og gestir þeirra. Allt karlar. Þrír eða fjórir félagar úr Lionsklúbbi Tálknafjarðar munu hafa tekið þátt í samkomunni. Veitingar voru hinar bestu. Kúttmagar og lifur, skelfiskur, humar og rækja, sem etíð var með dýrum veigum. Þótti þetta allt hafa tekist með ágætum. Allir munu hafa í lokin komist heilir í höfn sinna kvenna. Sagt er að menn séu þegar farnir að hlakka til næsta kúttmagakvölds. Ágóði af samkomunni mun hafa verið um kr. 400.000- og gekk sú fjárhæð til byggingar safnhúss að Hnjóti í Örlýgshöfn.

Eitt fyrsta verkefni Lionsklúbbs Patreksfjarðar, sem stofnaður var 19. febrúar 1962, var að samþykka að fela félögum að skrásetja markverða og minnisverða atburði í samfélaginu eða rita annála. Það viðfangsefni má telja með því merkilegasta sem klúbburinn hefur fengið við. Skrásetningar- eða annálstíminn var að jafnaði tvær vikur eða tímabilið milli reglulegra funda frá hausti til vors. Sumartíminn var tekinn saman í einni heild.

Sumaramáll 1988 Úlfar B Thoroddsen:

Fyrri hluta maímánaðar var suðvestan og sunnan átt ríkjandi með úrkomu. Á Lokadegi 11. maí var komin norðan átt með sólfari og hélt sú veðrátt fram yfir mánaðamótin. Mátti með sannri segja sumarblíðu ríkja þennan tíma. Veður snérist til suðlægar áttar í júníbyrjun og hélt þannig mestan hluta mánaðarins og fylgdi nokkur úrkoma sem náði hámarki þjóðhátíðardaginn 17. júní með sunnan roki og úrhellis rigningu. Norðan átt með vestlægu ívafi og bjartviðri var ríkjandi í júlí og hitastig yfir meðallagi. Stöðugt sólfar og hátt hitastig leiddi af sér mikinn þurrk, brann gras og vatnsskorts gætti. ... Aflabrögð hafa verið misjöfn. Grásleppan brást og við bættist mikill órói til sjávarins sem óhreinkaði netin og spilti þeim. Gæftir til handferaveiða hjá smærri bátum voru óstöðugar allan tímann en vel gekk hjá stærri bátum sem veiddu í dragnót og svo togurunum. Á miðju sumri voru gerðir út yfir 50 bátar frá Patreksfirði og var oft mikil þröng í höfninni. ... Einn bátur hefur verið gerður út á rækjuveiðar og landaði hann annars staðar. ... Þann 25. júní voru forsetakosningar. Frú Vigdís Fimmbogadóttir bauð sig fram til embættis forseta Íslands í þriðja skipti og var vel studd í því endurkjöri. Undir lok júlímánaðar þóttust þeir er „sjá jafnlangt nefi sínu“ skynja brest í ríkisstjórnarsamstarfinu. Í fyllingu tímans fór allt í háa loft í sjónvarpsölum í beinni útsendingu. Ríkisstjórnin sprakk í auglýning þjóðarinnar. Nú er Seingrímur Hermannsson forsetisráðherra.

Annálarnir endurspeglar samfélagið og umhverfið. Þeir greina atvik í lífi einstaklinga, lýsa stöðu mála hjá fyrirtækjum og stofnunum og horfum og væntingum í ýmsum eignum hverju sinni. Þeir gefa vísbendingu um þróun samfélagsins yfir lengri tíma lítið. Því miður féll þessi þáttur starfseminnar niður. Það sem verra er að hluti annálanna eða 10 ára safn er óaðgegnilegt þar sem það finnst ekki. Vonandi kemur það fram í dagsljósið fyrir en seinna.

Starf líðandi starfsímabils er á áætlun. Þær nefndir sem sjá um hin ýmsu verkefni eru að störfum eða hafa lokið þeim. Skötunefndin undir skörulegri forystu Gunnars Bjarnasonar trillukarls og harðsnúinnar sveitar hans stóð að framleiðslu á líðlega 1000 kg á roðflettum, kæstum tindabykkju börðum. Runnu afurðirnar út og dreifðust bæði til ýmissa staða innan lands og út fyrir landsteinana. Meðan nefndin var að störfum efndi hún til skötuveislu tvisvar eða þrisvar til að sannreyna gæðin. Hæfilega kæst tindabykkja, vestfirskur hnoðmör, rúgbrauð og

kartöflur. Himinsæla. Eldri klúbbfélagar löðuðust fremurað krásunum en þeir yngri.

Jólahappadrættis- og jólatrjáanefndin undir forystu Ásgeirs Sveinssonar sauðfjárbónda stóð að sölu jólatrjáa og miða í jólahappadrætti félagsins. Vekur happadrættið jafnan ánægju því vinningshlutfallið er hátt. Þá lauk Jólahámsnefndin undir forystu Erlendar Kristjánsdóttur rafvirkjameistara undirbúningi 30. nóv. að því að koma upp tveimur jólatrjám öðru á Vatneyri og hinu á Geirseyri. Nefndin dregur nafn sitt af því, að undir ein jólin á fyrstu starfsárum klúbbsins brást sending á þeim jólatrjám sem áttu að lífga upp á þorpið í það sinn. Þá voru góð ráð dýr til úrlausnar.

Brugðist var við í snatri og smíðaðar tvær járngrindur, eins konar jólatráa líki, og þær þaktar barrgreinum. Tókst það prýðilega. Síðan voru þessar járngrindur nýttar áratugum saman. Það er svo fyrst á síðustu árum að sótt hafa verið barrtré í skógræktareiti í nágrenninu og þeim skipt út fyrir járngrindurnar.

Annáll 19. des. – 8 jan. 1964 Þorvaldur Ó. Thoroddsen:

Annad markvert er það helst, að haldin voru heilög jól eins og kristnum mönnum ber að gera og áramótafagnaður fór fram með mestu prýði. Í sambandi við jólafagnaðinn skal þess getið að 19. des. 1963 settu lionsbræður upp jólatré fyrir ofan Merkjastein á Geirseyri og Skjaldborg á Vatneyri. Vígðu bræðurnir sjálfir Skjaldborgartréð með því að ganga í kringum „eimiberjarunni“ með söng og dansi og hélt sá gleðskapur lengi nætur.

Barnaballsnefndin skilaði sínu milli jóla og nýars með heiðri og sóma. Hafa Kvenfélagið Sif og lionsklúbburinn séð um að halda jólasamkomu eða barna- og unglingsball á staðnum um langan tíma.

Þá er að geta bíónefndar sem er að störfum allt árið og nú undir forystu Halldórs Traustasonar málameistara. Lionsklúbbur Patreksfjarðar tók að sér það verkefni að annast rekstur bíósins. Kom klúbburinn bæði að endurbótum á bíóhúsinu eða Skjaldborg og að endurnýja sýningarbúnaðinn og uppfæra hann þannig, að nú eru nýjustu kvikmyndir sýndar nær því samtímis og það gerist í helstu bíóhúsinu í Reykjavík. Auk þess að annast kvikmyndasýningar eru lionsfélagar til staðar þegar aðrir viðburðir eru í bíóhúsinu, barnaafmæli, leiksýningar, fyrirlestrar o.fl. og ber þar Skjaldborgarhátíð hæst. Nú. Það hefur gerst áður að lionsfélagar hafa gripið til sinna ráða þegar bíósýningar voru að líða undir lok svo sem eflirfarandi annalsbrot greinir:

27. mars – 10. apríl 1963 Jón P. Eggertsson:

Kvikmyndasýningar: Þá finnst mér ekki úr vegi, svona í lokin, að láta það koma fram, sem reyndar allir vita, að nú í vetur hafa þrír meðlimir Lionsklúbbsins tekið saman höndum og rekið með dugnaði kvikmyndasýningar hér í bænum. ... Þetta finnst mér og ykkur sjálfsagt líka sjálfsagður þáttur í skemmtana- og menningarlífi bæjarins, en það er ekki sama hver á heldur. Þökk sé þeim þremmingunum Alla – Halla – Palla.

Klúbburinn hefur alla tíð haft þá stefnu að dýpka og auka skilning félaganna á hagnýtum og fræðilegum viðfangsefnum. Hafa klúbbstjórnirnar hverju sinni leitað til einstaklinga, innan sveitar og utan, sem eru sérfræðingar á hinum og sundurleitustu sviðum til að halda fyrirlestra.

Klúbburinn hefur stutt áhugafélag um ljóðskáldið Jón úr Vör og komið þar að bæði með vinnu og fjárstyrkjum. Framkvæmdum við uppfærslu þeirrar hugmyndar þókar vel áfram. Og má segja að nú sé ljóðskáldið Jón að verða vel sýnilegur í Þorpinu í nágrenni við bernsku- og æskustöðvarnar eða húsið Vör á Geirseyri, en svo nefndi hann íbúðarhús uppeldisforeldra sinna. Það er fyllilega kominn tími á það að vekja athygli almennings hér vestra á þessum merka syni þorpsins og láta Kópavog ekki einan um að heiðra hann. Jón var frumkvöðull að órímuðu ljóðaformi en hafði gott vald á því hefðbundna.

*Það sem áður þótti bull
og þeytt var beint í sorpið
tíminn nýi telur gull
tötrið gamla Þorpið.*

Starfsárinu lýkur jafnan með Konukvöldi og að þessu sinni. 4. apríl. Er þá eiginkonum lionsmanna boðið á hátíðarfund. Þar er margt til skemmtunar bæði undirbúið og það sem sprettur fram úr hugskoti veislugesta og hæfir stund og stað.

Á Kyndilmessu 2. febrúar 2020.

Úlfar B Thoroddsen



Vatn handa börnum í Afríku

Á Evrópuþingi Lions árið 2018 var samþykkt að fara í sameiginlegt fjárfundarátak með það að markmiði að safna fyrir vatni handa börnum í Afríku. Þetta verkefni á að hefjast hér á Íslandi og Finnlandi í byrjun ágúst og enda síðan á Evrópuþinginu í Þessaloníku í Grikklandi í haust. Markmiðið er að öll Lionslöndin í Evrópu taki þátt og safni áheitum á meðan á ferðinni stendur.

Staðan í dag er þannig að í Afríku einni þjást milljónir manna vegna skorts á mat og drykk, það eru yfir 800 börn sem deyja á degi hverjum vegna lélegs vatns eða skorts á vatni!

Hugmyndin er sú að ferðast verði um Evrópu á reiðhjólum, gangandi, hlaupandi, á hjólaskautum, hjólastólum, rafmagnshjólum og jafnvel mótórhjólum, við veljum það sjálf hvornig við framkvæmum þetta verkefni, hugmyndin er meðal annars að virkja hjá okkur á Íslandi önnur félagsamtök til að taka þátt í þessu með okkur.

Pegar nær dregur munum við kynna betur hvert fyrirkomulagið verður hjá okkur en þetta þetta verkefni hefur fengið vinnunafnið „VATN ÞÝÐIR LÍF“.

Við vonum að sem flestir klúbbar taki þátt í þessu mikilvæga verkefni!

Pálmi Hannesson

Verkefnastjóri fjöllumdæmisins



Ísland og Finnland hefja hlaupið í byrjun ágúst.

Írland og Portugal fara af stað um miðjan ágúst

Tyrkland fer af stað í byrjun september

Endastöðin er Thessaloníka í október 2020



Frá Kjaransorðunefnd

Nýtt! Kjaransmerki



Á síðasta fjöllumdæmisþingi voru kynntar nýjar reglur um Kjaransorðuna. Meðal nýmæla er að nú gefst klúbbum kostur á kaupa Kjaransmerki til þess að viðurkenna félagi sína. Merkin koma í gulli, silfri og bronzi og mun Lionsskrifstofan halda utan um nöfn þeirra sem merkin hljóta, sem og nöfn klúbba þeirra.

Verð merkjanna er 20.000 kr. fyrir gullmerki, 15.000 kr. fyrir silfur og 10.000 kr. fyrir bronsmerkið og rennur andvirðið í Heiðurssjóð

Guðrúnar Bjartar líkt og andvirði Kjaransorðanna. Lionsskrifstofan sér um sölu Kjaransmerkjanna.

Kjaransorðan, næsti umsóknarfrestur er 1.mars

Fjöldi Kjaransorðuveitinga ár hvert var einnig breytt með nýjum reglum eru nú 10 á ári, 5 með umsóknarfresti 1. nóvember og 5 með umsóknarfresti 1. mars en þar sem engin umsókn barst í nóvember er heimilt að veita allt að 10 orður í mars. Umsóknir með greinargerð um væntanlegan orðuþega skulu berast til formanns Kjaransorðunefndar fyrir 1. mars næstkomandi á netfangið: bjorgbara@simnet.is

Kjaransorðunefnd

PCC Björg Bára Halldórsdóttir, formaður

CC Ellert Eggertsson

PCC Guðmundur Helgi Gunnarsson